

taugargjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætlunum kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febr. 1980 og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 408 19. sept. 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps,
Suður-Múlasýslu, nr. 402 14. desember 1973.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar þ. e. mat fasteigna og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 22 500.— af hverri sjálfstæðri íbúð árlega. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram.
- b) Heimilt er hreppsnefnd að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 20.— fyrir hvert tonn vatns, sem notað er enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin nema mælaleiga, sem skal vera kr. 5 000.— á ári.
- c) Steypustöðvar til húsagerðar og iðnaðar auk framangreindra gjalda samkvæmt a-lið greiði kr. 120.— fyrir hvert tonn sements, sem steyp er úr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 96 25. janúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.